

GJALDSKRÁ

um byggingarleyfisgjöld og gjöld tengd þeim í Grundarfirði.

1. gr.

Almennt.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Jafnframt er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

2. gr.

Gjöld.

Gjöld er greiðist til sveitarsjóðs, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

1. Fastagjald (umfjöllunargjald)	4.500 kr.
2. Byggingarleyfisgjald, íbúðarhús (hver íbúð)	23.000 kr.
3. Byggingarleyfisgjald, búopeningshús	17.000 kr.
4. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	9.000 kr.
5. Úttektar- og eftirlitsgjald (hvert skipti)	4.000 kr.
6. Vottorð um byggingarstig	7.000 kr.
7. Mælingargjald (þéttbýli)	23.000 kr.
8. Mælingargjald (dreifbýli)	13.500 kr.
9. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga (eldri hús)	17.000 kr.
10. Útkall byggingarfulltrúa (hvert skipti)	7.000 kr.

Skýringar við ofangreind gjöld:

1. Gjald fyrir umfjöllun í umhverfisnefnd Grundarfjarðar. Útgáfa skriflegs svars.
2. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á öllum teikningum, byggingarnefndar- og séreteikningum og yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og fasteignamati samþykktar teikningar.
3. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á hönnunargögnum, s.s. byggingarnefndar- og séreteikningum, yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og fasteignamati samþykktar teikningar.
4. Gjald fyrir stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar. Um er að ræða hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar.
5. Gjald fyrir úttektir og eftirlit í samræmi við 53. gr. skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar.
6. Gjald fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga. T.d. fokheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, staðfesting á fullnaðarfrágangi vegna endurbótalána, byggingarvottorð o.s.frv. Vottorðum fylgir í flestum tilfellum úttekt.
7. Útsetning á staðsetningu lóðar og fasteignar (vegna nýbyggingar). Tvær línar settar út í lóðamörkum og tvær línar í sökkullínúm. Upplýsingar gefnar um hæðarmerki. Um er að ræða hámark tvær útmælingar.
8. Útsetning á staðsetningu fasteignar eða lóðar. Tvær línar settar út í sökkullínúm eða á lóðamörkum. Um er að ræða eina útmælingu.
9. Gjald fyrir yfirferð skráningartöflu og eignaskiptayfirlýsingar eldri húsa. (Gjald þetta er innifalið í byggingarleyfisgjaldi vegna nýbygginga).

Nr. 473

10. maí 2007

10. Gjald fyrir útkall byggingarfulltrúa.

3. gr.

Greiðslur gjalda.

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar, 10. maí 2007.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2007